

Lögreglan lét taka blóðprufu af kærðum um nóttina og reyndist alkóhólmagn þess rúmlega 2‰ samkvæmt skýrslu læknis.

Framangreint brot kærðs varðar við 5 gr. sbr. 14. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga. Þá ber og með tilliti til ítrekunar brotsins að dæma kærðan til að missa ökuleyfi sitt æfilangt. Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

---

Föstudaginn 7. febrúar 1936.

Nr. 100/1935. **Helgi Ingvarsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Landsbanka Íslands**

(Pétur Magnússon).

Vixilábyrgð.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. des. 1934:* Stefnir, Ólafur Ólafsson, Egill P. Einarsson og Helgi Ingvarsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum Landsbanka Íslands kr. 250,00 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1934 til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 6,50 í afsagnarkostnað og kr. 91,50 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 23. sept. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 30. ágúst s. á. Krefst áfrýjandi sýknu og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndur krefst staðfestingar og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi bar þá varnarástæðu fram í héraði, eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, að stefndur hér fyrir rétti, Landsbanki Íslands, hefði enga fjárkröfu öðlast á hendur honum samkvæmt vixli þeim, sem út af var stefnt, sökum þess að bankinn hefði ekki eignast vixilinn með lögmætri heimild. Er sýknukrafa áfrýjanda hér fyrir dómi einnig reist á þessari ástæðu. Verður að fallast á það álit héraðsdómarans, að þannig lagaða varnarástæðu sé heimilt að bera fram í vixilmáli.

Í máli þessu er það upplýst, að samþykkjanda nefnds vixils, Ólaf Ólafsson, brast heimild til þess að selja eða afhenda vixilinn á annan hátt en sem framlengingu á hinum fyrra vixli, sem áfrýjandi hafði gerzt ábyrgðarmaður að fyrir hann. Þennan heimildarrest, sem vixillinn bar með sér, þar eð á hann var skrifað orðið „framlenging“, átti stefndur að sjá, enda hafði hann engan vixil undir höndum, sem þessi vixill gat talist framlenging á, þegar litið er til upphæðar hans og nafna þeirra, sem á honum stóðu. Gat stefndur því ekki vænt þess, að öðlast rétt á hendur áfrýjanda, með því að kaupa vixilinn og greiða andvirði hans á þann hátt, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Þykir því verða að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnds í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Helgi Ingvarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnds, Landsbanka Íslands, í máli þessu.

## Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnum birtum 28. og 30. júní s. l. af Landsbanka Íslands, hér í bæ gegn Ólafi Ólafssyni, verzlunarmanni, Óðinsgötu 24, Agli P. Einarssyni, Grettisgötu 25, báðum hér í bænum og Helga Ingvarssyni lækni á Vífilstöðum til greiðslu vixils að upphæð kr. 250,00 útgefins 11. des. f. á. af stefndum Agli og samþykkt af stefndum Ólafi til greiðslu í Landsbankanum hér í bæ 1. jan. s. l., en á vixli þessum, sem ófsagður var vegna greiðslufalls 3. s. m. er stefndur Helgi ábekingur.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndir verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér upphæð vixilsins kr. 250,00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags,  $\frac{1}{8}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 6,50 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafélagsins kr. 91.50.

Stefndir Ólafur og Egill hafa hvorki mætt né látið mæta í málinu og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkum, að því er þá snertir, og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins með framsali til sín svo og afsagnargerð verða dómkröfur hans teknar til greina gagnvart þeim að öllu leyti.

Stefndur Helgi hefir hinsvegar mætt í málinu, mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Lýsir stefndur Helgi, sem hér eftir verður til hægðarauka aðeins kallaður stefndur, málavöxtum svo, að hinn 16. nóv. f. á. hafi hann skrifað sem ábyrgðarmaður á 250 króna vixil fyrir meðstefndan Ólaf, er átt hafi að greiðast 16. des. f. á., og hafi útgefandi þess vixils verið meðstefndur Egill. Er að gjalddaga kom, hafi samþykkjandi ekki þótt geta greitt vixilinn og hafi hann því beðið sig að skrifa upp

á framlengingarvixil með sömu upphæð með gjalddaga 1. jan. s. l. Kveðst stefndur hafa gert þetta og skrifað orðið „framlenging“ framan á vixilinn til þess að fyrirbyggja misnotkun á honum. Samþykkjandi hafi þó ekki notað vixil þennan til framlengingar hinum upphaflega vixli, heldur hafi hann selt stefnanda framlengingarvixilinn og greitt honum vixil í Landsbankanum að upphæð kr. 110.00 samþykktan af honum sjálfum en útgefinn af Einari Eiríkssyni með gjalddaga 15. dez. f. á. Mismunurinn á vixilupphæðunum hafi samþykkjandi fengið útborgaðan. Upphaflega vixilinn kveðst stefndur hinsvegar hafa orðið að leysa til sín 21. dez. f. á. og nú sé honum í þessu máli stefnt til greiðslu á framlengingarvixlinum.

Telur stefndur, að stefnandi hafi með því að kaupa umræddan vixil til framlengingar á áðurgreindum 110 króna vixli meðstefnda Ólafs sýnt það gáleysi við vixilkaupin að stefnandi hafi ekki getað öðlzt vixilrétt á hendur sér og byggir stefndur sýknukröfuna á þeim grundvelli. Til rökstuðnings þessu bendir stefndur á það, að framlengingarvixlar séu venjulega lægri eða með sömu upphæð og vixlar þeir, sem þeir séu ætlaðir til endurnýjunar á og einnig með sömu ábyrgðarmönnum. Þessu sé ekki til að dreifa hér. Hinn umstefndi vixill, sé bæði hærri og með öðrum ábyrgðarmönnum en vixillinn sem hann var notaður til að framlengja. Þá telur stefndur það greinilegt að rithönd hans sé á orðinu „framlenging“, sem ritað er framan á vixilinn og sé af þessum ástæðum auðsætt, að stefnandi hafi sýnt af sér verulega ógætni með því að spyrjast ekki fyrir um það hjá ábyrgðarmönnum hins umstefnda vixils, hvort hann skyldi ganga til framlengingar á áðurgreindum 110 króna vixli og hafi stefnandi þannig ekki getað verið í góðri trú í þeim efnum er hann keypti vixilinn.

Stefnandi hefir samþykkt, að framangreind varnarástæða stefnds komist að í máli þessu, enda virðist hún þess eðlis, að heimilt sé að bera hana fyrir sig í vixilmáli. Hinsvegar hefir stefnandi mótmælt réttmæti hennar og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Það er nú in confesso, að hinn umstefndi vixill var seldur stefnanda til framlengingar á öðrum vixli, er stefnandi átti á hendur seljanda hans meðstefndum Ólafi, vixli,

sem að vísu var lægri og með öðrum ábyrgðarmönnum en vixill sá, sem mál þetta snýst um. En þar sem það er ekki véfengt að seljandi vixilsins hafi haft hann í höndum með formlega löglegri heimild er salan fór fram, þykir stefnandi ekki hafa sýnt neina þá ógætni við víxlakaupin, að hann hafi ekki öðlazzt við þau fullan vixilrétt á hendur öllum hinum stefndu vixilskuldurum og verður því sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina, heldur ber einnig að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er hann snertir.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr en nú.

---

Föstudaginn 7. febrúar 1936.

Nr. 104/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

**Albert Edward Cooke**

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

*Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 20. maí 1935:* Kærði, Albert Edward Cooke, greiði 22000 kr. sekt til Landhelgissjóð Íslands og komi 11 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, fáist hún ekki greidd innan 4 vikna, frá lögbirtingu þessa dóms. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum H. 460, James Barrie frá Hull vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir forstöðumaður stýrimannaskólans markað á sjó-